



Reykjavík, 19. desember 2024

USK24120017

Mosfellsbær - Farsældartún - Endurskoðun á deiliskipulagi að Skálatúni - Lýsing

Umsögn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. desember 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Mosfellsbæjar, dags. 2. desember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn um skipulags- og matslýsingu Eflu, dags. 28. október 2024, vegna deiliskipulags Farsældartúns þ.e. endurskoðunar á deiliskipulagi að Skálatúni. Farsældartún er endurhönnun skipulags Skálatúns í Mosfellsbæ. Nýju skipulagi svæðisins og starfsemi nýrrar sjálfseignarstofnunar er ætlað að styðja sem best við farsæld barna og á svæðinu verða byggingar sem munu hýsa aðila sem veita börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra þjónustu s.s. opinberar stofnanir, sérskóli, félagasamtök og sjálfstætt starfandi sérfræðingar. Í deiliskipulagi Farsældartúns verður gert ráð fyrir nýbyggingum sem eru sérhannaðar fyrir þá þjónustu sem þar á að veita í fallegu grænu umhverfi.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við skipulagslýsingu Farsældartúns.

Fyrir hönd skipulagsfulltrúa,
Hrönn Valdimarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík